



DALVÍKURBYGGÐ

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

---

# Atvinnustefna Dalvíkurbyggðar

## Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið .....	4
2	Grunngreiningar á atvinnulífi .....	5
2.1	Atvinnulífskönnun 2017 og 2015.....	5
2.2	SVOT greining .....	6
2.3	Ímynd Dalvíkurbyggðar.....	7
3	Aðkoma Dalvíkurbyggðar að atvinnulífinu .....	10
3.1	Efling innviða þjónustunnar og innri fjárfesting .....	10
3.2	Ytri fjárfestingar .....	10
3.3	Samvinna og samstarfsvettvangur .....	10
3.4	Markaðssetning .....	11
4	Framtíðarsýn .....	12
5	Aðgerðaráætlun .....	13
5.1	Menntun .....	13
5.1.1	Rannsóknar- og þróunarsetur fyrir sjávarútveginn.....	13
5.1.2	Sérhæfð menntun fyrir starfsemina.....	14
5.2	Húsnæðismál .....	14
5.2.1	Leiguhúsnæði fyrir einstaklinga .....	15
5.2.2	Iðnaðarlóðir .....	15
5.2.3	Húsnæðisáætlanir .....	15
5.3	Samgöngur.....	16
5.3.1	Flutningskostnaður.....	16
5.3.2	Beint flug .....	16
5.3.3	Bættar almenningssamgöngur .....	16
5.3.4	Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu.....	17
5.3.5	Viðhald og uppbygging vega .....	17
5.3.6	Ljósleiðari/fjarvinnsla .....	17
5.4	Nýsköpun og vöruþróun .....	17
5.4.1	Nýsköpunar- og vöruþróunarsjóður.....	18
5.4.2	Samvinna fyrirtækja .....	18
5.5	Markaðssetning .....	18
5.5.1	Ímynd Dalvíkurbyggðar .....	18
5.5.2	Kynningarmyndband .....	19
5.5.3	Vörumerki.....	19
5.5.4	Vefsíða með upplýsingum .....	19
5.6	Verkefni í opinberri þjónustu .....	19
5.6.1	Fleiri störf frá ríki, opinberum stofnunum og stéttarfélögum .....	20
5.7	Smáfyrirtæki .....	20
5.7.1	Efling smáfyrirtækja .....	20



5.8	Unga fólkíð.....	20
5.8.1	Hvetja ungt fólk til að flytja í Dalvíkurbyggð .....	21
6	Samantekinn verkefnalisti.....	22
7	Viðauki 1: Atvinnulífskönnun 2017 og 2015 .....	23
8	Viðauki 2: SVOT greining .....	28
9	Viðauki 3: Ímynd Dalvíkurbyggðar .....	37

## 1 Inngangur og markmið

Atvinnumála- og kynningarráð hefur frá árinu 2015 unnið að gerð atvinnustefnu fyrir Dalvíkurbyggð.

Markmið stefnunnar er að setja fram með markvissum og skýrum hætti áætlun um atvinnumál í Dalvíkurbyggð. Atvinnustefnan er unnin á grunni ýmissa gagna sem safnað hefur verið hjá sveitarfélaginu. Þar er um að ræða:

- **Atvinnulífskönnun 2015 og 2017** en kannanirnar eru gríðarmikill gagnabanki með upplýsingum um atvinnulíf í sveitarfélaginu (sjá viðauka 1).
- **SVOT greining** sem uppfærð var árið 2016 af atvinnumála- og kynningarráði (sjá viðauka 2)
- **Ímynd Dalvíkurbyggðar** en að því verkefni komu fjölmargir aðilar, þar með talið allir starfsmenn sveitarfélagsins. Þá var lögð fyrir opin spurningakönnun um Dalvíkurbyggð þar sem öllum var heimilt að taka þátt (sjá viðauka 3).

Þá var tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024 höfð til hliðsjónar.

Það er því ljóst að ýmsir hafa með beinum og óbeinum hætti lagt lóð sitt á vogarskálarnar við gerð þessarar atvinnustefnu.

Auk þess að setja fram leiðir og verkefni í atvinnumálum er sett fram sýn Dalvíkurbyggðar á aðkomu sveitarfélagsins að atvinnulífinu.

## 2 Grunngreiningar á atvinnulífi

### 2.1 Atvinnulífskönnun 2017 og 2015

Dalvíkurbyggð hefur nú lagt fyrir tvær kannanir á atvinnulífi í sveitarfélaginu, árin 2017 og 2015. Báðar kannanirnar voru framkvæmdar með sama hætti og er markmiðið að halda áfram að leggja þær fyrir annað hvert ár til að byggja upp gagnabanka. Kannanirnar voru sendar á öll fyrirtæki í sveitarfélaginu en fyrirtæki í þessum könnunum er skilgreint þannig: Allir sem eru með starfsmenn á launaskrá eða eru starfsmenn hjá eigin fyrirtæki. Þannig voru til dæmis þau íþróttafélög sem eru með þjálfara á launum með í könnuninni.

	2017	2015
<b>Heildarfjöldi fyrirtækja</b>	149	151
<b>Svör</b>	80	89
<b>Svarhlutfall</b>	54%	59%

Heildarfjöldi spurninga í könnuninum var 32. Hérna á eftir er greint frá helstu niðurstöðum í samandreginni skýrslu en ítarlegri niðurstöður er að finna í viðauka 1 með þessari skýrslu auk þess sem heildarniðurstöðurnar er að finna á heimasíðu sveitarfélagsins [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is).

#### Niðurstaðan í nokkrum orðum

Margt er sambærileg í þessum tveimur könnunum þó ákveðnar breytingar hafi orðið á þessum tveimur árum. Þar má helst nefna að iðnaður er greinilega vaxandi atvinnugrein sem tekur stökk á milli árána 2017 og 2015 en töluvert fleiri fyrirtæki í þeirri atvinnugrein taka þátt í könnuninni árið 2017 heldur en árið 2015.

Enn kemur í ljós að fyrirtæki þurfa að leita út fyrir sveitarfélagið til að fá starfsfólk við hæfi, sérstaklega í iðnaði en þar vantar helst sérhæfða menntun fyrir starfsemina. Stærstur hluti starfa í sveitarfélaginu krefst ekki háskólamenntunar og eru nokkur áköll um að bæta þar úr.

Verulega auknar tekjur á milli kannana og eru fleiri fyrirtæki nú að skora hærra í árstekjum heldur en var 2015.

Almennt séð eru nýsköpun, vöruþróun og markaðssetning að fá meira vægi árið 2017 heldur en 2015. Varðandi markaðssetningu þá fær markaðssetning á netinu, í gegnum heimasíður og samfélagsmiðla, meira vægi heldur en aðrar auglýsingaleiðir.

Sem fyrr telja flestir að samgöngur séu sá stoðþáttur sem hafi mest áhrif á afkomu fyrirtækisins. Helsti munurinn á milli ára 2017 og 2015 er sá að gengisþróun hefur meiri áhrif árið 2017 sem og flutningur aðfanga og gagnaflutningur.

Fleiri fyrirtæki hafa áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki, bæði í Dalvíkurbyggð og Eyjafirði, og eru þar helst nefndir þættir eins og markaðssetning, vöruþróun og nýsköpun.

Þegar spurt er hvort fyrirtækin hafi nýtt sér þjónustu Markaðsstofu Norðurlands (MN), Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar (AFE) og Nýsköpunarmiðstöð Iðnaðarins (NMI) vekur athygli að aðeins 38% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustuna árið 2017 sem er þó meira en 2015 en þá voru það aðeins 25%.

Þessar tvær kannanir gefa til kynna að nýsköpun og fjölbreytni, verkefni í opinberri þjónustu, laða að ný fyrirtæki og sérfræðistörf og störf fyrir menntaða séu leiðir til þess að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu.

## 2.2 SVOT greining

### Styrkleikar:

- Atvinnulíf í vexti, tekjur hafa aukist og verkefnastaða er almennt góð
- Næg atvinna: fyrirtæki þurfa að fjölga starfsfólki, vinnuafli er stöðugt,
- Nægt framboð á byggingalóðum, skipulags- og byggingarmál öflug, eigin hitaveita.
- Þjónusta við fyrirtæki með ágætum, flest þjónusta innan 50 km radíusar
- Aðgangur að þekkingu í næsta nágrenni; Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), Háskólinn á Akureyri (HA), Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar (Símey) og fl.
- Samgöngur góðar í lofti, láði og legi.
- Góðar hafnir
- Lítil mengun og hávaði og sorphirða til fyrirmyndar
- Ljósleiðaratenging
- Öflug grunnþjónusta sveitarfélagsins
- Mikið framboð á íþróttum, afþreyingu og menningarlífi

### Veikleikar

- Lágtekjugreinar megin uppistaða atvinnulífs; lág laun og lítil fjölbreytni starfa
- Vantar tækifæri fyrir háskólamenntað fólk
- Fyrirtæki telja erfitt að fá vinnuafli við hæfi – þarf að mennta betur núverandi vinnuflota
- Virði eigna er metið lágt
- Vantar leiguhúsnæði
- Flutningur vöru/hráefnis getur verið dýr

- Þjónusta myndast ekki í sveitarfélaginu; tekjur og laun renna annað
- Stjórnunarumhverfi
- Geta verið snjóbungir vetur sem er kostnaðarsamt

### Ógnanir

- Minnkandi landvinnsla eða minni kvóti í sjávarútvegi
- Fáir atvinnurekendur með stærstan hluta vinnuaflsins
- Almennigur og fyrirtæki leita langt yfir skammt eftir þekkingu; svæðið styrkist ekki
- Breyting á lögum og reglugerðum frá ríkinu
- Neikvæð umræða um sveitarfélagið/samfélagið
- Fjárframlög ríkis vegna viðhalds og uppbyggingar
- Lítil afþreying fyrir 18-35 ára

### Tækifæri

- Vöxtur atvinnugreina s.s ferðaþjónusta
- Nýsköpun og sprotafyrirtæki
- Sókn í fiskvinnslu og sjávarútvegi
- Samvinna milli fyrirtækja og stofnana
- Skipulag þannig að auðvelt er að bregðast við og hliðra til fyrir nýjum tækifærum
- Rafmagnsmál

## 2.3 Ímynd Dalvíkurbyggðar

Ímynd Dalvíkurbyggðar er verkefni sem unnið var á árunum 2014-2017 en það var hluti af starfsáætlun fjármála- og stjórnsýslusviðs. Verkefnið var unnið út frá þremur þáttum: Dalvíkurbyggð sem vinnustaður, Dalvíkurbyggð sem þjónustuveitandi og Dalvíkurbyggð sem samfélag. Unnið hefur verið með hvern lið fyrir sig, byrjað á vinnustaðnum, svo þjónustunni og núna síðast hefur verið unnið með samfélagið.

Á 23. fundi atvinnuá- og kynningaráðs þann 4. janúar 2017 samþykkti ráðið að senda út könnun um ímynd Dalvíkurbyggðar og var upplýsingafulltrúa falið að sjá um verkefnið.

Könnunin var framkvæmd í gegnum kannakerfið SurveyMonkey og var opin frá 20. -31. janúar 2017. Könnuninni var dreift á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og facebook og var öllum frjálst að taka þátt. Alls bárust 211 svör af öllu landinu.

Heildarfjöldi spurninga í könnuninni er 18. Hérna fyrir neðan er samantekt á helstu niðurstöðum könnunarinnar en í viðauka 3 er að finna heildarkönnunina, niðurstöður og frekari greiningar.

## Helstu niðurstöður

### Bakgrunnur

- Flestir eru fæddir á árunum 1961-1980
- Konur eru 75% svarenda
- 66% búa í Dalvíkurbyggð
- Flestir, eða 40% eru giftir og með börn
- Algengast er að börn á heimili séu 1-3 og að þau séu á grunn- eða leikskólaaldri, flest á grunnskólaaldri
- Tekjur dreifast frekar jafnt yfir skalann og er algengast að þær séu á bilinu 401.000-1.500.000
- Flestir merkja við að þeir hafi lokið BSc/BA/BED háskólagráðu

### Samantekt

- Þegar kemur að því að velja hvað skiptir mestu máli þegar búseta er valin kemur í ljós að í fimm efstu sætunum (miðað við samanlagt mjög mikilvægt og frekar mikilvægt) eru:
  - Öruggt samfélag
  - Öruggt umhverfi
  - Atvinnumöguleikar
  - Fjarskipti/nettengingar
  - Samgöngur
- Það sem kemur fyrst upp í huga fólks þegar það heyrir nafnið Dalvíkurbyggð er:
  - Fjölskylda/samfélag/öryggi
  - Fallegur/náttúra
  - Menning/afþreying/fyrirtæki.
- Þau orð sem lýsa Dalvíkurbyggð best eru:
  - Friður
  - Fallegur
  - Upplifun
- Það sem svarendum finnst jákvæðast við Dalvíkurbyggð er:
  - Samfélagið
  - Afþreying
  - Náttúra
- Það sem svarendum finnst neikvæðast við Dalvíkurbyggð er:
  - Neikvæðni
  - Afþreying
  - Atvinnumál.
- 72% svarenda telja að Dalvíkurbyggð hafi mjög eða frekar góða ímynd almennt.
- 94% telja að ímynd sveitarfélaga skipti máli almennt.





- 52% telja það mjög eða frekar ólíklegt að þeir flytji úr núverandi sveitarfélagi á næstu 5 árum.
- 74% telja að Dalvíkurbyggð sé góður búsetukostur. Ef þetta er greint miðað við íbúa og aðra þá telja 82% íbúa og 51% þeirra sem búa utan sveitarfélagsins að það sé frekar eða mjög góður búsetukostur.
- Flestir telja það mjög eða frekar ólíklegt að þeir flytji í Dalvíkurbyggð á næstu 5 árum eða 68%. Þó eru 12% sem telja það mjög eða frekar líklegt sem er ánægjulegt.

## 3 Aðkoma Dalvíkurbyggðar að atvinnulífinu

### 3.1 Efling innviða þjónustunnar og innri fjárfesting

- Megináhersla sveitarfélagsins verði á uppbyggingu traustra og skilvirkra innviða.
  - Hámarka gæði og samkeppnishæfni almennrar þjónustu á vegum sveitarfélagsins
  - Sjá til þess að grunnþjónustan þróist í takt við vöxt og þarfir samfélagsins.
  - Allar skipulagsaðgerðir miði að þessu, til dæmis hagkvæmt skipulag atvinnusvæða.
  - Húsnæðisáætlun Dalvíkurbyggðar verði höfð til hliðsjónar og uppfærð samkvæmt ákvæðum reglugerðar þar um.
- Verkferlar séu gagnsæir og skýrir.
- Safna upplýsingum með skipulögðum hætti um atvinnulíf og búsetu.

### 3.2 Ytri fjárfestingar

Dalvíkurbyggð:

- Tekur ekki þátt í beinum fjárfestingum í atvinnulífi.
- Leggur áherslu á samvinnu og þróunarvinnu.
- Úthlutun úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði sveitarfélagsins samkvæmt gildandi reglum þar um á hverjum tíma.

### 3.3 Samvinna og samstarfsvettvangur

Dalvíkurbyggð:

- Stuðlar að samvinnu og meðvitund um atvinnumál innan stjórnkerfisins og tengdra aðila til að ná fram heildrænni sýn.
- Stendur fyrir formlegum samráðsvettvangi s.s. fyrirtækjapingum.
- Tekur í afmörkuðum tilfellum þátt í stórum og smáum þróunarverkefnum með því skilyrði að þátttaka hafi ekki áhrif á samkeppnisstöðu innan atvinnugreina. Fyrst og fremst á þessi vinna að vera í höndum Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar með stuðningi sveitarfélagsins.

- Getur verið upphafsaðili verkefna, eigandi eða þátttakandi eftir þörfum.
- Tilnefnir þann aðila innan stjórnkerfisins sem hefur besta þekkingu eða getur haft mest áhrif á framgang verkefna eftir því sem við.
  - Þátttaka skal vera tímabundin og á upphafsstigum
  - Mynda skal klasa eða álíka samstarfsvettvang um verkefni
  - Vilji hagsmunaaðila til þátttöku í klösum og verkefnum sé meginmælikvarði á mikilvægi þeirra og verkefnum sjálfhætt sem fá ekki næga þátttöku.
- Hefur forgöngu um samstarf fjölmargra aðila sem gegna lykilhlutverkum í þekkingarsköpun og atvinnulífi. Myndun klasa á lykilsviðum þar sem sóknarfæri eru.

### 3.4 Markaðssetning

- Samhliða verður unnið skipulega að markaðssetningu sveitarfélagsins gagnvart fjárfestum, fyrirtækjum og gagnvart ferðafólki.

## 4 Framtíðarsýn

Nýta og efla sterkan núverandi atvinnugrunn til að skapa frjósaman jarðveg fyrir skapandi og fjölbreytt atvinnulíf í framtíðinni.

Dalvíkurbyggð sé framúrskarandi samfélag með ímynd jákvæðni, frumkvæði og áræðni sem eflir atvinnulíf og laðar að nýtt fólk og fyrirtæki.

## 5 Aðgerðaráætlun

Drög að aðgerðaáætlun voru til umfjöllunar á opnum fundi með fyrirtækjum í sveitarfélaginu sem Atvinnumála- og kynningarráð stóð fyrir þann 27. nóvember 2018 í Bergi. Á fundinum var fulltrúum fyrirtækja gefinn kostur að ræða drögin og koma að sínum sjónarmiðum með þátttöku í vinnuhópum.

Eftirfarandi endurspeglar þá umfjöllun.

Miðað við ofangreind gögn eru ákveðnir þættir atvinnulífsins sem tækifæri er til að skoða og efla frekar:

- Menntun
- Húsnæðismál
- Samgöngur
- Nýsköpun og vöruþróun
- Markaðssetning
- Verkefni í opinberri þjónustu
- Smáfyrirtæki
- Unga fólkið

Hérna fyrir neðan verður farið yfir hvern flokk fyrir sig

### 5.1 Menntun

Atvinnulífskannanir hafa sýnt að menntun er einn af lykilþáttum þegar kemur að framtíðarverkefnum í atvinnumálum og 51% fyrirtækja telja erfitt að fá starfsfólk við hæfi. Þar eru tveir þættir sem standa sérstaklega upp úr; störf fyrir sérfræðimenntaða og sérhæfð menntun fyrir starfseminna. Sama niðurstaða kemur fram í SVOT greiningu en þar er talað um að það vanti tækifæri fyrir háskólamenntaða og að fyrirtæki eigi erfitt með að fá vinnuafli við hæfi.

#### Verkefni:

#### 5.1.1 Rannsóknar- og þróunarsetur fyrir sjávarútveginn

Lýsing: Ein leið til að auka fjölbreytni í atvinnulífi er að auka fjölda af störfum fyrir sérfræðimenntaða og hækka þannig um leið menntunarstig samfélagsins. Í tillögu að Byggðaáætlun er fjallað um eflingu rannsókna og vísindastarfsemi sem byggja á svæðisbundinni

sérstöðu. Atvinnulífskönnun sýnir að sjávarútvegur er ein af stærstu atvinnugreinum sveitarfélagsins en ekkert starfandi rannsóknar- og þróunarsetur er starfandi fyrir sjávarútveg í Eyjafirði, fyrir utan það sem Háskólinn á Akureyri rekur og starfrækir. Stofnun rannsóknar- og þróunarseturs í sjávarútvegi með aðkomu hagsmunaaðila á svæðinu væri því ein leið til þess að auka störf fyrir sérfræðimenntaða í sveitarfélaginu sem og leið til að efla grunnstoðir sjávarútvegs á svæðinu. Fiskvinnsluskóli gæti verið hluti af slíku setri.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Atvinnumála- og kynningarráð, upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Samherji, Marel, Marúlfur, Fiskmarkaður Norðurlands, Erlent, Sólrún, Níels, Ekta fiskur, SÍMEY, Háskólinn á Akureyri sjávarútvegsfræði á viðskipta- og raunvísindasviði, Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, Sjávarútvegsskóli Sameinuðu þjóðanna, Sæplast, Hafró, Matís, Fiskistofa og Veiðimálastofnun. Sjóðir: Verkefnasjóður sjávarútvegsins, AVS rannsóknasjóður, umhverfissjóður sjókvíaeldis.

### 5.1.2 Sérhæfð menntun fyrir starfsemina

Lýsing: Atvinnulífskannanir sýna glögg að sérhæfð menntun fyrir starfsemi fyrirtækja er einn af þeim þáttum sem þarf að bæta úr. Ein leiðin til þess er að efla samstarf fyrirtækja á svæðinu við fyrirtæki eða stofnanir sem bjóða upp á menntun, símenntun og/eða endurmenntun.

Leggja þarf áherslu á margvísilega þekkingu, s.s. iðnmenntun. Fjarnám t.d. í gegnum Promennt, Sveitamennt.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Atvinnumála- og kynningarráð, upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: SÍMEY, Háskólinn á Akureyri, Verkmenntaskólinn á Akureyri og Menntaskólinn á Tröllaskaga. Samstarf getur einnig verið við aðra framhaldsskóla og háskóla á landinu.

## 5.2 Húsnæðismál

Húsnæðismál hafa mikið verið í umræðunni í sveitarfélaginu en skortur hefur verið á leiguhúsnæði í sveitarfélaginu. Þegar þessi orð eru rituð er staðan á leigumarkaði svipuð en breytingar hafa orðið til batnaðar varðandi úthlutun lóða og nýbyggingar en samtals hefur 16 byggingalóðum verið úthlutað síðastliðið árið. Fasteignamat hefur einnig hækkað undanfarið og það, auk vaxandi eftirspurnar eftir húsnæði, hefur skilað sér í hærra fasteignaverði. Varðandi iðnaðarlóðir er staðan önnur en í dag eru nánast engar skipulagðar iðnaðarlóðir lausar.

Í kafla C6 í byggðaaætlun er fjallað um húsnæðismál sérstaklega. Þar kemur fram að markmiðið sé að fjölga íbúðum á svæðum þar sem skortur á hentugu íbúðarhúsnæði hamli uppbyggingu. Einnig kemur fram að íbúum byggðalaga sem búa við mismun í byggingakostnaði og söluverði fasteigna verði gert kleift að bregðast við húsnæðiseklu með nýbyggingum, endurbótum eða breyttri notkun á því húsnæði sem fyrir er. Þetta á sértaklega við byggðir sem standa höllum fæti.

Í kafla C7 í byggðaaætlun er fjallað um verkefni sen snýr að því að öll sveitarfélög taki upp og búi til raunhæfar og markvissar húsnæðisáætlanir.

## Verkefni:

### 5.2.1 Leiguhúsnæði fyrir einstaklinga

Lýsing: Mikið hefur verið rætt um að ein forsenda þess að efla búsetu í sveitarfélaginu sé að auka framboð á leiguhúsnæði en hér, eins og víða annars staðar, hefur leiguhúsnæði verið af skornum skammti.

### 5.2.2 Iðnaðarlóðir

Lýsing: Ein leiðin til þess að efla byggð er að sjá til þess að atvinnulífið hafi næg tækifæri til að stækka við sig. Þar er hlutverk sveitarfélagsins að sjá til þess að nægt framboð sé á iðnaðarlóðum í sveitarfélaginu. Í október 2018 var engin laus iðnaðarlóð laus á Dalvík en 6 lausar lóðir á Árskógssandi. Mikilvægt að hugað verði við gerð aðalskipulags að mæta eftirspurn hvað varðar íbúðarhúsalóðir, atvinnuhúsalóðir.

Ábyrgð: Umhverfissráð

Framkvæmdaaðili: Umhverfissráð

### 5.2.3 Húsnæðisáætlanir

Lýsing: Í samræmi við kafla C7 í byggðaaætlun verði ráðist í gerð húsnæðisáætlunar fyrir Dalvíkurbyggð. Húsnæðisáætlun þarf að vinna í samræmi við aðal- og deiliskipulag sveitarfélagsins. Markmið hennar er að hjá sveitarfélaginu sé á hverjum tíma í gildi áætlun sem greini stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu ásamt því að veita yfirlit yfir aðgerðir sveitarfélagsins í húsnæðismálum. Húsnæðisáætlun byggir á greiningum á stöðu húsnæðismarkaðar og lagaumgjörð. Í húsnæðisáætlun sé að finna töluleg markmið um þann fjölda íbúða sem þarf að byggja upp til lengri og skemmri tíma, yfirlit yfir helstu byggingasvæði, félagslegar íbúðir, leiguíbúðir, sérstakan húsnæðisstuðning, húsnæðisstuðning ríkis og sveitarfélaga og fl. Húsnæðisstefnan byggir á gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Leggja þarf áherslu á að koma þessu verkefni í framkvæmd sem fyrst.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Framkvæmdaaðili: Byggðaráð.

Samstarfsaðilar: Íbúðalánasjóður.

## 5.3 Samgöngur

Síðustu tvær atvinnulífsskannanir sýna glögg að samgöngur er sá þáttur atvinnulífsins sem hefur mest áhrif á afkomu fyrirtækja en um það bil 82% fyrirtæka í könnunum 2015 og 2017 svara því til. Í sömu könnunum kemur í ljós að flutningur aðfanga til fyrirtækja og flutningur vara frá fyrirtæki hefur líka mikil áhrif. Flutningskostnaður er því þáttur sem vert er að skoða frekar en í kafla A8 í byggðaáætlun er fjallað um jöfnun flutningskostnaðar vegna verslunar. Þá leiðir könnunin í ljós að meirihluti fyrirtækja myndi nýta sér beint flug frá Akureyri fyrir starfsemi sína.

### Verkefni:

#### 5.3.1 Flutningskostnaður

Lýsing: Dalvíkurbyggð taki saman upplýsingar um flutningskostnað fyrirtækja í sveitarfélaginu og haldi í kjölfarið fund sem taki á málinu. Markmið fundarins væri að fá fólk saman til þess að skoða hvort hægt sé að hagræða betur í flutningsmálum til og frá sveitarfélaginu. Dalvíkurbyggð hvetji þingmenn og ríkið til að skoða möguleika á hagstæðari flutningsmöguleikum á vörum.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Atvinnumála- og kynningarráð

Samstarfsaðilar: Fyrirtæki í sveitarfélaginu

#### 5.3.2 Beint flug

Lýsing: Dalvíkurbyggð haldi áfram að taka þátt í starfi Air66N flugklasans en nú þegar er millilandaflug hafið um Akureyrarflugvöll.

Ábyrgð: Byggðaráð

Framkvæmdaaðili: Atvinnumála- og kynningarráð

Samstarfsaðilar: Markaðsstofa Norðurlands

#### 5.3.3 Bættar almenningssamgöngur

Lýsing: Dalvíkurbyggð haldi áfram að beita sér fyrir bættum samgöngum við Eyjafjörð Eyþing sér um almenningssamgöngur í Eyjafirði fyrir Dalvíkurbyggð og önnur sveitarfélög. Dalvíkurbyggð hvetji þingmenn og ríkið til að skoða möguleika á hagstæðari flutningsmöguleikum á fólki.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Framkvæmdaaðili: Byggðaráð, atvinnumála- og kynningarráð

Samstarfsaðilar: Eyþing



### 5.3.4 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu

Lýsing: Í kafla B6 í byggðaaáætlun er fjallað um verkefni sem auðveldar fólki utan höfuðborgarsvæðisins að sækja vinnu frá heimili með því að þeir fá endurgreiddan hluta kostnaðar við ferðir til og frá vinnu í gegnum skattkerfið. Dalvíkurbyggð fylgist með þessu verkefni og kynni það fyrir íbúum þegar það verður komið til framkvæmdar.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Framkvæmdaaðili: Byggðaráð, atvinnumála- og kynningarráð

Samstarfsaðilar: Ríkið

### 5.3.5 Viðhald og uppbygging vega

Lýsing: Dalvíkurbyggð haldi áfram að beita sér fyrir vegabótum og uppbyggingu vega í sveitarfélaginu, sérstaklega fram í Skíðadal og Svarfaðardal. Dalvíkurbyggð nýti þá möguleika sem það hefur til að þrýsta á Vegagerðina um samgöngubætur.

Ábyrgð: Byggðaráð.

Framkvæmdaaðili: Umhverfissráð og umhverfis- og tæknisvið.

Samstarfsaðilar: Vegagerðin

### 5.3.6 Ljósleiðari/fjarvinnsla

Lýsing: Í gegnum bættu nettenginu gegnum ljósleiðara beiti Dalvíkurbyggð sér að því að auka möguleika á fjarvinnslu til auka fjölda starfa og fjölbreytileika þeirra í sveitarfélaginu.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Framkvæmdaaðili: Atvinnumála- og kynningarráð

## 5.4 Nýsköpun og vöruþróun

Nýsköpun og vöruþróun er ein leið til þess að auka fjölbreytni í atvinnulífi á staðnum en kannanir sýna að sífellt meiri áhugi er á nýsköpun og vöruþróun á meðal fyrirtækja í sveitarfélaginu. Í síðustu atvinnulífskönnun kemur í ljós að 69% fyrirtækja telja að nýsköpun skipti mjög eða frekar miklu máli og 79% telja að vöruþróun skipti mjög eða frekar miklu máli.

## Verkefni:

### 5.4.1 Nýsköpunar- og vöruþróunarsjóður

Lýsing: Dalvíkurbyggð stofni nýsköpunar- og vöruþróunarsjóð. Markmið sjóðsins væri að úthluta árlega upphæðum til verkefna í nýsköpun eða vöruþróun á meðal fyrirtækja í Dalvíkurbyggð. Auglýst verður eftir umsóknum.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Framkvæmdaaðili: Atvinnumála- og kynningarráð

### 5.4.2 Samvinna fyrirtækja

Lýsing: Halda áfram að efla og hvetja til samstarfs á meðal fyrirtækja í Dalvíkurbyggð með reglulegum upplýsinga- og samráðsfundum innan hvernar atvinnugreinar.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Fyrirtæki í sveitarfélaginu

## 5.5 Markaðssetning

Fleiri fyrirtæki huga nú að markaðssetningu sinnar vöru heldur en var áður en kannanir sýna að 70% fyrirtækja telja að markaðssetning skipti mjög eða frekar miklu máli fyrir starfsemi fyrirtækisins.

## Verkefni:

### 5.5.1 Ímynd Dalvíkurbyggðar

Lýsing: Halda áfram uppbyggingu á ímynd Dalvíkurbyggðar miðað við niðurstöður í skýrslu um verkefnið Ímynd Dalvíkurbyggðar. Markmiðið er að gera könnun á ímynd sveitarfélagsins á tveggja ára fresti, næst árið 2019.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

### 5.5.2 Kynningarmyndband

Lýsing: Gera stutt kynningarmyndbönd fyrir Dalvíkurbyggð, 30-60 sek. myndbönd sem yrði dreift á samfélagsmiðlum.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Hype

### 5.5.3 Vörumerki

Lýsing: Í atvinnulífskönnunum og í könnun á ímynd Dalvíkurbyggðar komu fram hugmyndir um að búa til eitt vörumerki fyrir framleiðslu- og þjónustufyrirtæki í Dalvíkurbyggð. Hérna væri vert að kanna áhuga fyrirtækja í sveitarfélaginu á slíku verkefni en sameiginlegt vörumerki myndi gefa svæðinu heildarblæ og stuðla að samvinnu á milli fyrirtækja.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Framleiðslu- og þjónustufyrirtæki í Dalvíkurbyggð

### 5.5.4 Vefsíða með upplýsingum

Lýsing: “What to do in Dalvík” eða “What’s to do” vefsíða sem aukasíða Dalvíkurbyggðar með öllum upplýsinum um þjónustuaðila og afþreyingu í Dalvíkurbyggð fyrir ferðamenn. Sett upp sem einfalt skjal. Uppfært reglulega og hægt að prenta út á ýmsum stöðum og afhenda ferðamönnum. Mun ódýrari lausn en að prenta út bæklinga.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu – og upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Framleiðslu- og þjónustufyrirtæki í Dalvíkurbyggð, Stefna hugbúnaðarhús

## 5.6 Verkefni í opinberri þjónustu

Atvinnulífskannanir gefa til kynna að aukin verkefni í opinberri þjónustu sé ein leið til þess að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu. Auk þess er fjallað um dreifingu starfa í opinberri þjónustu út á landsbyggðina í tillögu að byggðaáætlun en þar er fjallað um verkefni eins og störf á staðsetningar (kafli B7), fjarvinnslustöðvar (kafli B()) og fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land (kafli B9).

## Verkefni:

### 5.6.1 Fleiri störf frá ríki, opinberum stofnunum og stéttarfélögum

Lýsing: Setja kraft í viðræður við ráðuneyti og ríkisstofnanir um staðsetningu starfa í Dalvíkurbyggð, til dæmis flutningur starfa sem krefjast ekki sérstakrar staðsetningar. Eins er tækifæri til að hefja viðræður um fjarvinnslustöð í Dalvíkurbyggð, til dæmis frá Þjóðskjalasafni Íslands, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni eða frá sýslumanninum. Samkvæmt tillögu að byggðaaáætlun er lagt til að ríkið styðji þær stofnanir sem fari í slík átaksverkefni með því að endurgreiða allt að 75% af kostnaði við hvert stöðugildi.

Hið sama má segja um stéttarfélög en hluti af starfsemi stéttarfélaga er óháður staðsetningu og getur vel átt heima í sveitarfélagi eins og Dalvíkurbyggð.

Ábyrgð: Sveitarstjórn

Framkvæmdaaðili: Byggðaráð, atvinnumála- og kynningarráð

Samstarfsaðilar: Byggðastofnun, ráðuneyti, ríkisstofnanir, stéttarfélög.

## 5.7 Smáfyrirtæki

Auk vörupróunar og nýsköpunar benda kannanir til þess að mikilvægt sé að hlúa að þeim fyrirtækjum sem fyrir eru á staðnum og efla þeirra starfsemi og er þar sérstaklega fjallað um smáfyrirtæki og iðnað. Í byggðaaáætlun er meðal annars fjallað um þessa þætti í köflum B12 (ratsjain til að efla ferðaþjónustufyrirtæki í landinu) og B13(stafrænt forskot)

## Verkefni:

### 5.7.1 Efling smáfyrirtækja

Lýsing: Dalvíkurbyggð hafi frumkvæði að fundi eða málþing sem miðað að eflingu smáfyrirtækja á svæðinu en samkvæmt atvinnulífskönnun er 80% fyrirtækja í Dalvíkurbyggð með 1-5 starfsmenn.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Smáfyrirtæki í Dalvíkurbyggð

## 5.8 Unga fólkið

Rannsóknir á íbúapróun sveitarfélaga sýna að þegar aldursdreifing er skoðuð hjá sveitarfélögum í dreifbýli er það helst aldurinn frá 18 ára og upp í 35 ára sem vantar eða er ekki eins fjölmennur og aðrir. Þá kemur fram í atvinnulífskönnunum sem gerðar voru í Dalvíkurbyggð að gera þurfi byggðalagið meira aðlaðandi fyrir ungt fólk sem og að fjölga þurfi atvinnutækifærum fyrir þennan aldurshóp.



Fjallað er um ungt fólk í byggðaáætlun og í kafla C3 er sérstaklega fjallað um stuðning við einstaklinga en markmiðið með verkefninu er að nýta námslánakerfið sem hvata fyrir fólk til að setjast að í dreifðum byggðum.

## Verkefni:

### 5.8.1 Hvetja ungt fólk til að flytja í Dalvíkurbyggð

Lýsing: Dalvíkurbyggð geri það að markmiði sínu að kynna sveitarfélagið sem vænlegan búsetukost fyrir aldurshópinn 18 ára og upp í 35 ára með því að sýna fram á þá möguleika sem felast í búsetu á svæðinu fyrir þennan aldurshóp. Skoða leiðir til þess að auka aðgengi á fjarnámi og stuðning kringum nám sem ungt fólk getur sinnt í heimabyggð.

Ábyrgð: Atvinnumála- og kynningarráð

Framkvæmdaaðili: Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

Samstarfsaðilar: Ungmennaráð, fræðsluráð.

## 6 Samantekinn verkefnalisti

	Nafn	Ábyrgð	Framkvæmdaaðili
1.	Rannsóknar- og þróunarsetur í sjávarútvegi	Atvinnumála- og kynningarráð	Atvinnumála- og kynningarráð
2.	Sérhæfð menntun fyrir starfsemina	Atvinnumála- og kynningarráð	Atvinnumála- og kynningarráð, upplýsingafulltrúi
3.			
4.			
5.	Leiguhúsnæði fyrir einstaklinga		
6.	Iðnaðarlóðir	Umhverfissráð	Umhverfis- og tæknisvið
7.	Húsnæðisáætlanir	Sveitarstjórn	Byggðaráð
8.	Flutningskostnaður	Atvinnumála- og kynningarráð	Atvinnumála- og kynningarráð
9.	Beint flug	Byggðaráð	Atvinnumála- og kynningarráð
10.	Bættar samgöngur	Sveitarstjórn	Byggðaráð, atvinnumála- og kynningarráð
11.	Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu	Sveitarstjórn	Byggðaráð, atvinnumála- og kynningarráð
12.	Viðhald og uppbygging vega	Byggðaráð	Umhverfissráð, umhverfis- og tæknisvið
13.	Nýsköpunar- og vöruþróunarsjóður	Sveitarstjórn	Atvinnumála- og kynningarráð
14.	Samvinna fyrirtækja	Atvinnumála- og kynningarráð	Þjónustu- og Upplýsingafulltrúi
15.	Ímynd Dalvíkurbyggðar	Atvinnumála- og kynningarráð	Þjónustu- og upplýsingafulltrúi
16.	Kynningarmyndband	Atvinnumála- og kynningarráð	Þjónustu- og upplýsingafulltrúi
17.	Vörumerki	Atvinnumála- og kynningarráð	Þjónustu- og upplýsingafulltrúi
18.	Störf frá ríki, opinberum stofnunum og stéttarfélagum	Sveitarstjórn	Byggðaráð, atvinnumála- og kynningarráð
19.	Smáfyrirtæki	Atvinnumála- og kynningarráð	Þjónustu- og upplýsingafulltrúi
20.	Hvetja ungt fólk til að flytja í Dalvíkurbyggð	Atvinnumála- og kynningarráð	Þjónustu- og upplýsingafulltrúi

## 7 Viðauki 1: Atvinnulífskönnun 2017 og 2015

Árið 2015 fór fram könnun á stöðu atvinnulífs í Dalvíkurbyggð á meðal fyrirtækja í sveitarfélaginu og var sú könnun framkvæmd í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey.

Á 26. fundi atvinnumála- og kynningaráðs samþykkti ráðið að senda aftur út sama spurningalista og 2015 með það að markmiði að kanna núverandi stöðu atvinnumála í Dalvíkurbyggð ásamt því að fá samanburð á milli árána 2015 og 2017. Könnunin var framkvæmd í gegnum kannanakerfið SurveyMonkey og var opin frá 15. nóvember –10. desember 2017.

Fyrirtæki var í þessari könnun skilgreint þannig: Allir sem eru með starfsmenn á launaskrá eða eru starfsmenn hjá eigin fyrirtæki. Þannig voru til dæmis þau íþróttafélög sem eru með þjálfara á launum með í könnuninni.

Sendur var kynningarpóstur um könnunina þar sem fram komu upplýsingar um tilgang og markmið hennar, fjölda spurninga og svo framvegis. Ítrekun var send út þrisvar á tímabilinu.

	2017	2015
<b>Heildarfjöldi fyrirtækja</b>	149	151
<b>Svör</b>	80	89
<b>Svarhlutfall</b>	54%	59%

Heildarfjöldi spurninga í könnuninni er 32 eins og árið 2015. Hérna á eftir verða þær birtar í samanburði við niðurstöður könnunarinnar árið 2015.

Hér fyrir neðan eru helstu niðurstöður en skýrsluna í heild sinni má finna á heimasíðu Dalvíkurbyggðar [www.dalvikurbyggd.is](http://www.dalvikurbyggd.is)



	2017	2015
<b>Spurning 1: Staðsetning fyrirtækja</b>	70% á Dalvík	65% á Dalvík
<b>Spurning 2: Atvinnugreinar</b>	Flest fyrirtæki í iðnaði, opinberri þjónustu, þjónustu og ferðaþjónustu	Flest fyrirtækin í landbúnaði, sjávarútvegi, opinberri þjónustu og þjónustu
<b>Spurning 3: Fjöldi starfsmanna</b>	Meirihluti fyrirtækja með 1-5 starfsmenn, 20% fyrirtækjanna er með starfsmenn á bilinu 51-100.	fjögur stærstu fyrirtækin eru með 385 starfsmenn eða 43% af vinnuaflanum.
<b>Spurning 3: Fjöldi starfsmanna</b>	Þrjár stærstu atvinnugreinarnar, miðað við fjölda starfsmanna, iðnaður, opinber þjónusta og sjávarútvegur	Þrjár stærstu atvinnugreinarnar, miðað við fjölda starfsmanna, sjávarútvegur, opinber þjónusta og iðnaður
<b>Spurning 4: Stöðugildi</b>	55% með 1-5 stöðugildi	
<b>Spurning 5: Hlutfall sem býr í sveitarfélaginu</b>	54% starfsmanna fyrirtækja sem búa allir í Dalvíkurbyggð	67% starfsmanna fyrirtækja sem búa allir í Dalvíkurbyggð
<b>Spurning 6: Þróun starfsmannafjölda</b>	33% þurfa að fjölga starfsfólki og 1% fækka þeim	43% fyrirtækja þurfa að fjölga starfsfólki og 3% fækka þeim
<b>Spurning 7: Árstíðarbundnar sveiflur í starfsmannafjölda</b>	33% fyrirtækja sem búa við mjög eða frekar miklar sveiflur	36% fyrirtækja sem búa við mjög eða frekar miklar sveiflur
<b>Spurning 8: Starfsfólk við hæfi</b>	34% fyrirtækja telja það mjög eða frekar auðvelt að fá starfsfólk við hæfi. 51% fyrirtækja það frekar eða mjög erfitt	30% fyrirtækja telja það mjög eða frekar auðvelt að fá starfsfólk við hæfi. 50% fyrirtækja það frekar eða mjög erfitt
<b>Spurning 9: Hlutfall starfa sem krefst háskólamenntunar</b>	68% krefst ekki eða mjög lítillar háskólamenntunar, 12% mikillar	70% krefst ekki eða mjög lítillar háskólamenntunar, 12% mikillar
<b>Spurning 10: Hvað menntun vantar</b>	Sérhæfða menntun fyrir starfseminna	Sérhæfða menntun fyrir starfseminna
<b>Spurning 11: Árleg velta</b>	44% með yfir 100 milljónir	33% með yfir 100 milljónir
<b>Spurning 12: Breytingar á veltu</b>	56% segja að veltan hafi aukist síðustu 3 ár, mest í ferðaþjónustu og iðnaði,	65% segja að velta hafi aukist, mest í sjávarútvegi og landbúnaði
<b>Spurning 13: Breytingar á afkomu</b>	33% fyrirtækja telja að staða fyrirtækisins verði betri árið 2017 en árið 2016 og 30% að hún verði verri	40% telja að afkoma fyrirtækisins verði betri árið 2015 en árið 2014, 23% að hún verði lakari
<b>Spurning 14: Árstíðarbundnar sveiflur</b>	80% fyrirtækja upplifa árstíðarbundna sveiflu í verkefnastöðu fyrirtækisins	74% fyrirtækja upplifa árstíðarbundna sveiflu í verkefnastöðu fyrirtækisins
<b>Spurning 15: Breytingar á verkefnastöðu</b>	37% telja að verkefnastaða fyrirtækisins hafi batnað	50% telja að verkefnastaða fyrirtækisins hafi batnað





<b>Spurning 16: Vöruþróun</b>	79% telja að þróun núverandi vöru/þjónustu skipti mjög eða frekar miklu máli	71% telja að þróun núverandi vöru/þjónustu skipti mjög eða frekar miklu máli
<b>Spurning 17: Nýsköpun</b>	69% telja að nýsköpun skipti frekar eða mjög miklu máli	53% telja að nýsköpun skipti frekar eða mjög miklu máli
<b>Spurning 18: Markaðssetning</b>	70% að markaðssetning skipti mjög eða frekar miklu máli	72% að markaðssetning skipti mjög eða frekar miklu máli
<b>Spurning 19: Leiðir við markaðssetningu</b>	Efstu fimm eru: heimasíða, facebook, blaðaauglýsingar, almennatengls, sölukynningar. 26% nýta ekki markaðssetningu	Efstu fimm eru: heimasíða, facebook, twitter, vimeo, flickr. 26% nýta ekki markaðssetningu
<b>Spurning 20: Stoðþættir</b>	Efstu fimm eru: Samgöngur, gengisþróun, flutningur aðfanga, gagnaflutningur/ljósleiðari, raforkuverð	Efstu fimm eru: Samgöngur, hafnaraðstaða, verð á vatni, menntun starfsmanna, raforkuverð
<b>Spurning 21: Áherslur til að auka fjölbreytni</b>	Laða ný fyrirtæki, auka nýsköpun, fleiri tækifæri í ferðaþjónustu	Laða ný fyrirtæki, auka nýsköpun, fleiri tækifæri í matvælaframleiðslu
<b>Spurning 22: Samstarf við fyrirtæki í Dalvíkurbyggð</b>	65% fyrirtækja hafa frekar eða mjög mikinn áhuga á samstarfi.	57% fyrirtækja hafa frekar eða mjög mikinn áhuga á samstarfi
<b>Spurning 23: Samstarf við fyrirtæki í Eyjafirði</b>	56% hafa mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði	47% hafa mjög eða frekar mikinn áhuga á samstarfi við önnur fyrirtæki í Eyjafirði
<b>Spurning 24: Samstarfsmöguleikar</b>	Markaðssetning, vöruþróun, nýsköpun, starfsmenn, samgöngur og flutningar	Markaðssetning, nýsköpun, samgöngur og flutningar, vöruþróun og starfsmenn
<b>Spurning 25: Þjónusta MF, AFE og NMI</b>	38% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustu MN, AFE og NMI	25% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustu MN, AFE og NMI
<b>Spurning 26: Efling atvinnulífs</b>	95% telja að það þurfi að efla atvinnulíf	96% telja að það þurfi að efla atvinnulíf
<b>Spurning 27: Ef já, þá hvernig</b>	Nýsköpun og fjölbreytni, opinber verkefni, laða að ný fyrirtæki, sérfræðistörf og störf fyrir menntaða	Nýsköpun og fjölbreytni, opinber verkefni, efla og hlúa að fyrirtækjum á staðnum, laða að ný fyrirtæki
<b>Spurning 28: Kostir/gallar</b>	<b>Kostir:</b> Góð staðsetning, stuttar vegalengdir, gott samfélag, , stöðugleiki, góðar samgöngur <b>Gallar:</b> Dýr gjöld, fámenni, lítið fyrir ungt fólk, flutningskostnaður, húsnaðisframboð	<b>Kostir:</b> Fallegt, stuttar vegalengdir, gott samfélag, traust og gott starfsfólk, gott að reka fyrirtæki, góðar samgöngur <b>Gallar:</b> Dýr gjöld, snjómokstur, einlitt samfélag, fjarlægir frá markaði, lítið húsnaðisframboð, einhæfni, flutningsgjöld
<b>Spurning 29: Líkur á flutningi</b>	4% telja það frekar eða mjög	7% telja það frekar eða mjög

<b>fyrirtækis úr sveitarfélaginu</b>	líklegt að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu á næstu fimm árum	líklegt að starfsemi fyrirtækisins verði flutt úr sveitarfélaginu á næstu fimm árum
<b>Spurning 30: Nýting á beinu flugi</b>	61% myndu nýta sér beint flug, helst ferðaþjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður	50% myndu nýta sér beint flug, helst ferðaþjónusta, sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður
<b>Spurning 31: Ef já, þá hvernig</b>	Samskipti vegna vinnu, fleiri ferðamenn inn á svæðið, vörur fyrir á markað, auðveldari aðföng frá Evrópu	Samskipti vegna vinnu, fleiri gestir, flutningur á ferskvöru á markað, innflutningur

### Niðurstaðan í nokkrum orðum

Margt er sambærileg í þessum tveimur könnunum þó ákveðnar breytingar hafi orðið á þessum tveimur árum. Þar má helst nefna að iðnaður er greinilega vaxandi atvinnugrein sem tekur stökk á milli árana 2017 og 2015 en töluvert fleiri fyrirtæki í þeirri atvinnugrein taka þátt í könnuninni árið 2017 heldur en árið 2015.

Enn kemur í ljós að fyrirtæki þurfa að leita út fyrir sveitarfélagið til að fá starfsfólk við hæfi, sérstaklega í iðnaði en þar vantar helst sérhæfða menntun fyrir starfsemina. Stærstur hluti starfa í sveitarfélaginu krefst ekki háskólamenntunar og eru nokkur áköll um að bæta þar úr.

Verulega auknar tekjur á milli kannana og eru fleiri fyrirtæki nú að skora hærra í árstekjum heldur en var 2015.

Almennt séð eru nýsköpun, vöruþróun og markaðssetning að fá meira vægi árið 2017 heldur en 2015. Varðandi markaðssetningu þá fær markaðssetningu á netinu, í gegnum heimasíður og samfélagsmiðla, meira vægi heldur en aðrar auglýsingaleiðir.

Sem fyrir telja flestir að samgöngur séu sá stoðþáttur sem hafi mest áhrif á afkomu fyrirtækisins. Helsti munurinn á milli árana 2017 og 2015 er sá að gengisþróun hefur meiri áhrif árið 2017 sem og flutningur aðfanga og gagnaflutningur.

Fleiri fyrirtæki hafa áhuga á samstarfi fyrir utan og inna Dalvíkurbyggðar og eru þar helst nefndir þættir eins og markaðssetning, vöruþróun og nýsköpun.

Þegar spurt er hvort fyrirtækin hafi nýtt sér þjónustu MN, AFE og NMI vekur athygli að aðeins 38% fyrirtækja hafa nýtt sér þjónustuna árið 2017 sem er þó meira en 2015 en þá voru það aðeins 25%.



DALVÍKURBYGGÐ

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

Þessar tvær kannanir gefa til kynna að nýsköpun og fjölbreytni, verkefni í opinberri þjónustu, laða að ný fyrirtæki og sérfræðistörf og störf fyrir menntaða séu leiðir til þess að efla atvinnulíf í sveitarfélaginu.

## 8 Viðauki 2: SVOT greining

Uppfærð af atvinnumála- og kynningarráði 4. maí 2016

### **Atvinnulíf:**

*Hér er átt við fjölbreytni og samsetningu atvinnulífsins, hve mikill hluti er í frumgreinum/þjónustu, hátekju-/lágtekjugreinum, háþekkingar-/lágþekkingargreinum, vinnuafli "intensivum" greinum, vaxandi/hnignandi greinum, hvort vöxtur/hnignun hefur verið í atvinnulífi.*

### ***Styrkleiki:***

Atvinnulíf er fjölbreytt miðað við stærðargráðu sveitarfélagsins og önnur sveitarfélög af svipaðri stærð. Atvinnulífsskönnun gerð í nóvember 2015 sýnir að stærstu atvinnugreinarnar eru sjávarútvegur, landbúnaður, þjónusta, opinber þjónusta og ferðaþjónusta. Kvóti í sjávarútvegi er töluverður.

Sama könnun sýnir að atvinnulíf er í vexti og telja fyrirtæki í flestum greinum að verkefnastaða hafi batnað síðustu ár og tekjur aukist. 43% fyrirtækja þurfa að fjölga starfsfólki á næstu tveimur árum.

### ***Veikleiki:***

Lágtekjugreinar vega þungt. Fleiri háþekkingargreinar, sem eru mjög oft bein ávísun á hátekjugreinar, vantar. Vantar fleiri atvinnutækifæri fyrir háskólamenntað fólk. Einnig þarf að mennta núverandi vinnuafli betur en 50% fyrirtækja telja það erfitt að fá starfsfólk við hæfi í sveitarfélaginu samkvæmt atvinnulífsskönnun

### ***Ógnanir:***

Sú spurning hvort í framtíðinni komi upp sú staða að kvóti verði ekki nægjanlegur getur orðið íþyngjandi og að kvótinn og landvinnsla minnki og/eða jafnvel hverfi. Fá fyrirtæki með mikinn fjölda starfsmanna. Aðdráttarafli suðvesturhornsins hvað fjölbreyttara atvinnulíf og hærri tekjur varðar. Fækkun í bændastétt.

### ***Tækifæri:***

Ferðamannaíðnaðurinn, hugbúnaðargeirinn og fjarvinnsla. Staðsetning Samherja. Þekking og stöðugleiki í fiskvinnslu og sjávarútvegi eru möguleikar til aukinnar sóknar á þeim sviðum. Tækifæri í líftækni og fiskeldi. Sóknarfæri og útpensla Sæplasts. Sóknarfæri eru í sprotafyrirtækjum. Meiri samvinna á milli fyrirtækja, stofnana og samlegðaráhrif. Útbúa Dalvíkurbyggðarpakka með samvinnu fyrirtækja. Heilsueflandi sveitarfélag.

## **Staðbundnir rekstrarþættir:**

*(Hér er átt við landgæði, framboð á húsnæði og/eða lóðum til nýbygginga, skipulagsmál, orkuframboð, gæði gatnakerfis, veitukerfis, frágang lóða og svæða o.þ.h.):*

### **Styrkleiki:**

Land er gott og mikið. Framboð af lóðum fyrir íbúðir og atvinnuhúsnæði er nægjanlegt. Nokkuð er á söluskrá af íbúðarhúsnæði og húsnæði fyrir smærri fyrirtæki. Reyndar er það sem er á söluskrá ekki endilega laust, sem sýnir vissan styrkleika. Nánari upplýsingar um húsnæðismarkaðinn í Dalvíkurbyggð er að finna í Greinargerð um húsnæðismál við utanverðan Eyjaförð sem unnin var fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar. Hitaveita Dalvíkur er ódýr og góð hitaveita. Veitukerfi skv. lögum. Skipulags- og byggingarmál eru í góðum farvegi, gatnakerfi er gott, sem og gangstéttamál og bundið slitlag. Frágangur lóða og svæða yfirleitt til fyrirmyndar, hið opinbera að mestu meðvitað um sín svæði. Flokkun sorps.

### **Veikleiki:**

Virði eigna metið lágt, t.d. íbúðarhúsnæði. Vantar leiguhúsnæði. Nánari upplýsingar um húsnæðismarkaðinn í Dalvíkurbyggð er að finna í Greinargerð um húsnæðismál við utanverðan Eyjaförð sem unnin var fyrir Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar.

### **Ógnanir:**

Snjóþyngsli.

### **Tækifæri:**

Skipulag gerir það að verkum að auðvelt er að bregðast við og hliðra til ef nýjir möguleikar bjóðast t.d. í atvinnumálum, svo og framboð á atvinnuhúsnæði sem þegar er til staðar.

## **Rekstrarþættir fyrirtækja:**

*(Hér er átt við aðgang að fjármagni, þjónustu og starfsmenntuðu vinnuafli).*

### **Styrkleiki:**

Vinnuafli er stöðugt. Þjónusta við fyrirtæki er með ágætum og auðvelt er að nálgast þjónustu sem ekki er á staðnum til dæmis til Akureyrar eða til annarra sveitarfélaga. Nálægð við flugvöll.

### **Veikleiki:**

Virði eigna metið lágt. Skortur á starfsmenntuðu vinnuafli í hátekjugreinum þar sem atvinnulífið, eins og staðan er í dag er, kallar ekki á það. Ef svo ber undir þá þarf oft að fá þá þekkingu að þar sem hún er ekki til staðar eða kemur ekki í byggðina. Atvinnulífskönnun sýnir að fyrirtæki telja fremur erfitt að fá starfsfólk við hæfi og telja að auka þurfi sérhæfða menntun sem henti fyrirtækjunum.

### **Ógnanir:**

Þenslan fyrir sunnan og nálægðin við Akureyri hvað varðar vörur og þjónustu.

### **Tækifæri:**

Ýmsir sjóðir sem hægt er að sækja fjármagn í til nýsköpunar og uppbyggingar. Aukið samstarf fyrirtækja á kjörsviðum með tilkomu klasa og áherslum í Vaxtasamningi fyrir Eyjafjarðarsvæðið. Ljósleiðari er kominn í sveitarfélagið og getur nýst fyrirtækjum.

### **Samskiptabættir:**

*(Nálægð eða tengsl við fyrirtæki með svipaða starfsemi, nálægð við þjónustufyrirtæki).*

### **Styrkleiki:**

Flest sú þjónusta sem við þurfum á að halda er innan 50 km radíusar. Nokkur stór sjávarútvegsfyrirtæki eru í Dalvíkurbyggð og Akureyri sem kalla á þjónustu sem verður til vegna nálægðar þessara fyrirtækja við hvort annað. Sérhæfing í fiskvinnslu býður upp á fjölbreytileika og þjónustu við útgerð og fiskvinnslu. Erum í nálægð við stórt sveitarfélag.

### **Veikleiki:**

Þurfum að greiða fyrir flutning og eigna kílómetra í flestum tilfellum. Stundum hallar á íbúa og fyrirtæki hvað varðar þjónustu vegna staðsetningar.

### **Ógnanir:**

### **Tækifæri:**

Sameining sveitarfélaga og ýmis samstarfsverkefni á milli sveitarfélaganna á svæðinu. Aukið samstarf fyrirtækja á kjörsviðum, til dæmis með tilkomu klasa og áherslum í Vaxtasamningi fyrir Eyjafjarðarsvæðið.

### **Þekking:**

*(Aðgangur að rannsóknarstofum, háskólum og sérfræðiaðstoð)*

### **Styrkleiki:**

Háskólinn á Akureyri, Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri og Rannsóknarmiðstöð ferðamála á Akureyri. Aðgangur að sérfræðiþjónustu á Akureyri er í flest öllum atvinnugreinum. Aðgangur að rannsóknarstofum, t.d. fyrir mjólk, er á Akureyri. Þjónusta í ýmsum sérfræðigreinum hefur aukist til muna á Akureyri og fyrirtæki eru að stofna þar útibú t.d. í tölvu- og hugbúnaðargeiranum og ýmsar ráðgjafastofur. Ekki þarf því lengur að sækja allt suður á bóginn. Menntaskólinn á Tröllaskaga. Símei og námsverið á Dalvík.

**Veikleiki:**

Þjónustan myndast ekki í sveitarfélaginu þar sem slík þjónusta er lítið fyrir hendi og tekjur og laun renna annað.

**Ógnanir:**

Höfuðborgarsvæðið og útlönd. Almennigur og fyrirtæki leita oft langt yfir skammt, þ.e. svæðið sem slíkt styrkist ekki. Störf eru betur launuð á höfuðborgarsvæðinu og starfsmennirnir verða frekar sýnilegri heldur en t.d einyrki í sinni grein í litlu sveitarfélagi út á landi.

**Tækifæri:**

Vöxtur Háskólans á Akureyri. Háskólinn dregur til sín tækifæri t.d. frá höfuðborgarsvæðinu hvað varðar skóla og atvinnulíf. Tækifæri ýmis sem liggja í tölvugeiranum. Verkefni geta orðið til út frá Akureyri til handa sveitarfélaginu, íbúum og/eða fyrirtækjum þess.

**Stjórnunarumhverfi:**

*(Hér er spurt um velviljuð og virk opinber stjórnvöld og embættismenn, skýr lög og reglur, skýr skipulagsákvæði sem taka tillit til þarfa fyrirtækja sem og einstaklinga).*

**Styrkleiki:**

Vinnureglur, lög og reglur sveitarfélagsins yfirleitt með skýr skilaboð. Skipurit sveitarfélagsins er skilgreint.

**Veikleiki:**

Nálægðin. Einstaklingar og fyrirtæki telja oft á sér brotið og meta menn og málefni út frá persónulegum þáttum. Mál og erindi fara ekki alltaf í réttan farveg. Lög og reglur hins ytri lagaramma eru sífellt að breytast þannig að sveitarfélagið þarf að vera á varðbergi og endurskoða vinnuferli sín sem getur verið erfitt vegna fjölda verkefna og tímaskorts.

**Ógnanir:**

Breyting á lögum og reglugerðum frá ríkinu.

Vinavæðing vegna smæðar sveitarfélagsins og að siðferði sé ekki haldið.

**Tækifæri:**

Virk stjórnvöld geta haft áhrif á ríkisvaldið hvað varðar lög og reglur til hagsbóta fyrir fyrirtæki og einstaklinga í sveitarfélaginu.



DALVÍKURBYGGÐ

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**

---



### **Ytri ímynd:**

*(Gott umhverfi, heimilisfang á vel metnum stað/svæði/hverfi, götunafn sem hljómar vel o.fl.)*

### ***Styrkleiki:***

Staðsetning sveitarfélagsins. Stutt er á miðin og tenging við önnur sveitarfélög er góð. Landbúnaður er blómlegur miðað við mörg önnur sveitarfélög. Lítil mengun í lofti og af hávaða. Ímynd sveitarfélagsins út á við er góð.

### ***Veikleiki:***

Í hugum þeirra sem hafa sest að á höfuðborgarsvæðinu þá er sú staðreynd að sveitarfélagið er á landbyggðinni viss veikleiki.

### ***Ógnanir:***

Ef umfjöllun í fjölmiðlum er neikvæð og ef umræða íbúa er á neikvæðum nótum.

### ***Tækifæri:***

Öflug markaðssetning á þeim góðu kostum sem eru fólgnir í því að búa og starfa í sveitarfélaginu og/eða búa í sveitarfélaginu og starfa annars staðar á landinu.

### **Samgöngur:**

*(Öruggar og þægilegar samgöngur innanbæjar og við nágrannabyggðarlög og við aðra landshluta, aðgangur að almenningssamgöngum (ef við á).*

### ***Styrkleiki:***

Góðar samgöngur í allar áttir, í lofti, á láði og legi. Tenging við Þjóðveg 1. Vegalengdir stuttar innanbæjar, allt er í göngufæri og lega þéttbýliskjarna er þægileg. Ef farið er á bíl innanbæjar þá er umferð lítil, slysaþætta lítil, engin streita sem orsakast af bílaumferð og tíminn nýtist betur til að fara erinda sinna. Vegalengdir utan byggðar eru stuttar og ekki er langt í næsta flugvöll. Hafnir eru góðar.

### ***Veikleiki:***

Líkur er á að snjóalög verði mikil nokkra mánuði að vetri til og malarvegur að hluta til í sveit.

### ***Ógnanir:***

Fjárframlög ríkisins hvað varðar viðhald og uppbyggingu vega og hafna. Færsla Reykjavíkurflugvallar.

### ***Tækifæri:***

Aukin notkun hafna og Héðinsfjarðargöngin. Sá möguleiki að Akureyrarflugvöllur gæti orðið millilandaflugvöllur.

## **Umhverfisgæði:**

*(Veðráttta, umhverfi, laust við hávaða og mengun, útsýni, aðgangur að ósnortinni náttúru o.fl.)*

### **Styrkleiki:**

Allt ofangreint: Veðráttan er fjölbreytt og árstíðarskipti eru oftast sýnileg. Umhverfið er laust við hávaða og mengun sem verður oft til t.d. í borgum og stærri sveitarfélögum. Sorphirða er í góðum málum. Útsýnið, landslagið og fjöllin umhverfis stórfengleg. Ekki þarf að fara langt til að komast í ósnortna náttúru. Ekki margir staðir í heiminum geta státað af stað eins og Friðlandi Svarfdæla.

### **Veikleiki:**

Veðráttan er aftur á móti ótraust að vetri og oft ekki bílavæn.

### **Ógnanir:**

Vatnsflóð í leysingum t.d. í Svarfaðardal.

### **Tækifæri:**

Markaðssetning á umhverfisgæðum t.d. hvað varðar ferðapjónustu og búsetu.

## **Félagsleg gæði:**

*Atvinna ( fyrir bæði hjónin ef við á), efnahagslegt, félagslegt og líkamlegt öryggi, framboð á góðu, vel staðsettu og hagkvæmu húsnæði, góðum verslunum og þjónustu, dagvistun, grunnskólum, menntaskólum eða fjölbrautarskólum og möguleikum á framhaldsnámi eftir stúdentspróf.)*

### **Styrkleiki:**

Atvinnuleysi er lítið. Góð félagsleg þjónusta; félagsmálastjóri í 100% starfi, íbúðir fyrir fatlaða að Lokastíg 4. Heilsugæslumál í ágætum farvegi og stutt á næsta sjúkrahús, FSA. Heimili og dagvist fyrir aldraða er á staðnum. Þrír leikskólar eru byggðinni og biðlisti er ekki langur. Góðir grunnskólar og öflugur tónlistarskóli. Háskólinn á Akureyri. Afar lítið er um ofbeldi og afbrot. Skammtímavistun er í boði fyrir fötluð born.

### **Veikleiki:**

Láglaunasvæði og einhæft atvinnulíf. Lítið úrval af verslunum með sérvörur og fyrirtækjum með sérhæfða þjónustu. Senda þarf börnin burtu í framhaldsnám.

### **Ógnanir:**

Framlög ríkisins eru ekki í samræmi við þau verkefni sem eru yfirfærð á sveitarfélögin.

### **Tækifæri:**

Menntaskólinn á Tröllaskaga. Símei / námsver. Nám tengt sjávarútvegi og fiskvinnslu. Sameining og efling heilsugæslu og heimilis fyrir aldraða.

## **Menning og afþreying:**

*(Aðlaðandi umhverfi, gott framboð af menningu og afþreyingu, aðstaða til íþróttaiðkana og útivistar).*

### **Styrkleiki:**

Menningarstarf fjölbreytt s.s.: öflugt leikfélag og sönglíf, u.þ.b. 6 kórar, lionsklúbbur, bridge, kvenfélög, þrjú ungmennafélög, blakfélag, golfklúbbur, hestamannafélag og stærsta hesthús landsins, skíðafélag, sundfélag, björgunarsveit Slysavarnarfélagsins og Félag eldri borgara, mjög gott byggðasafn, bókasafn, héraðsskjalasafn. Mjög góð aðstaða er til að iðka flestar íþróttir, góð nýleg íþróttamiðstöð og frábært skíðasvæði. Kaffi- og veitingahús.

Menningarhúsið Berg.

### **Veikleiki:**

### **Ógnanir:**

Sumum finnst ekki nægjanlegt framboð og ekki sé nóg um að vera, t.d. aldurinn 18-35 ára. Sumir á því aldursbili finna sig ekki hvað t.d. næturlíf varðar og sækja því nokkuð til Akureyrar

### **Tækifæri:**

Endurbætur á Ungó getur gefið möguleika á betra og öflugra menningarstarfi. Hægt er að nota allt það sem er tilgreint í styrkleikum hér að ofan til að markaðssetja sveitarfélagið ásamt umhverfisgæðum.

Menningarhúsið Berg.

### **Hlutverk:**

Að sveitarfélagið setji sér þau markmið að sveitarfélagið stækki með fjölgun íbúa og fyrirtækja. Til þess að það gerist þá þarf að fjölga búsetukostum og greiða fyrir nýrri atvinnustarfsemi.

Að Dalvíkurbyggð sérkenni sig sem heilsueflandi samfélag og markaðssetji ímynd sína sem slíka.

### **Framtíðarsýn eftir 5 ár:**

- Framboð á húsnæði verði í samræmi við eftirspurn.
- Fjöldi íbúa verði 2000.
- Næg atvinna fyrir alla og að flestir fái vinnu við hæfi.
- Sprotafyrirtæki stinga upp kollinum.
- Ferðaþjónusta eflist enn frekar.
- Mikil samvinna fyrirtækja um framboð á vöru og þjónustu.



- Heilsueflandi samfélag komið á gott skrið.
- Fjölskylduvænt samfélag.

**Hvernig ætlum við að gera þetta:**

- Dalvíkurbyggð haldi áfram með hugmynd um samstarf við Búseta eða sambærilega kosti.
- Góð markaðsetning á Dalvíkurbyggð sem búsetukosti.
- Kjörnir fulltrúar og starfsmenn eftir því sem við á vinni að því að laða að ný atvinnutækifæri og finni grundvöll innan laga og reglugerða að veita þeim brautargengi.
- Skapa fyrirtækjum og stofnunum vettvang til þess að mynda bandalög um samvinnu.
- Áfram verði unnið að því að efla skóla, tómsundur og íþróttastarf barna og unglunga sem og allt æskulýðsstarf.
- Íbúafundur og íbúáþing haldin reglulega til að fylgja eftir málum og Dalvíkurbyggð sem heilsueflandi, fjölskylduvænu samfélagi.

## 9 Viðauki 3: Ímynd Dalvíkurbyggðar

### Ímynd Dalvíkurbyggðar

Niðurstöður könnunar um ímynd Dalvíkurbyggðar  
Mars 2017

Margrét Víkingsdóttir, upplýsingafulltrúi

## Efnisyfirlit

Ímynd Dalvíkurbyggðar 2017, formáli.....	39
Spurningar 1 – 8, bakgrunnsbreytur .....	40
Spurning 1: Hvaða ár ertu fædd/ur?.....	40
Spurning 2: Hvert er kyn þitt? .....	40
Spurning 3: Í hvaða póstnúmeri ertu búsett/ur? .....	41
Spurning 4: Hvernig eru fjölskylduhagir þínir?.....	41
Spurning 5: Ef einhver börn eru á heimilinu, hversu mörg eru þau? .....	42
Spurning 6: Ef einhver börn eru á heimilinu, á hvaða aldri eru þau?.....	42
Spurning 7: Hverjar eru tekjur heimilisins fyrir skatta? .....	43
Spurning 8: Vinsamlegast merktu við hæstu skólagráðu sem þú hefur lokið? .....	43
Spurning 9: Hvað skiptir þig mestu máli þegar þú velur þér stað til að búa á? .....	44
Spurning 10: Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar þú heyrir nafnið Dalvíkurbyggð? .....	46
Spurning 11: Hvaða 3 orð finnst þér lýsa Dalvíkurbyggð best? .....	48
Spurning 12: Ef þú ættir að benda á eitthvað jákvætt um Dalvíkurbyggð hvað myndi það helst vera?.....	50
Spurning 13: Ef þú ættir að nefna eitthvað neikvætt um Dalvíkurbyggð hvað myndi það helst vera? .....	52
Spurning 14: Hversu góða ímynd telur þú að Dalvíkurbyggð hafi almennt? .....	53
Spurning 15: Finnst þér ímynd sveitarfélaga skipta máli almennt? .....	55
Spurning 16: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir úr núverandi sveitarfélagi á næstu 5 árum? .....	56
Spurning 17: Myndir þú telja að Dalvíkurbyggð væri góður búsetukostur?.....	58
Spurning 18: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir til Dalvíkurbyggðar á næstu 5 árum?.....	59
Helstu niðurstöður.....	8

## Ímynd Dalvíkurbyggðar 2017, formáli


Ímynd Dalvíkurbyggðar er verkefni sem staðið hefur yfir frá því árið 2014 en þá var það samþykkt sem hluti af starfsáætlun fjármála- og stjórnsýslusviðs. Síðan þá hefur verkefnið verið unnið út frá þremur þáttum: Dalvíkurbyggð sem vinnustaður, Dalvíkurbyggð sem þjónustuveitandi og Dalvíkurbyggð sem samfélag. Unnið hefur verið með hvern lið fyrir sig, byrjað á vinnustaðnum, svo þjónustunni og núna síðast hefur verið unnið með samfélagið.

Á 23. fundi atvinnumála- og kynningaráðs þann 4. janúar 2017 samþykkti ráðið að senda út könnun um ímynd Dalvíkurbyggðar og var upplýsingafulltrúa falið að sjá um verkefnið. Könnunin var framkvæmd í gegnum kannakerfið SurveyMonkey og var opin frá 20. -31. janúar 2017. Könnuninni var dreift á heimasíðu Dalvíkurbyggðar og facebook og var öllum frjálst að taka þátt. Alls bárust 211 svör af öllu landinu.

Heildarfjöldi spurninga í könnuninni er 18. Hérna á eftir verða þær birtar, ásamt niðurstöðum og frekari greiningum. Spurningar 10-14 voru álitsspurningar. Þar eru svörin tekin, flokkuð niður og birt sem ein heild.


## Spurningar 1 – 8, bakgrunnsbreytur

### Spurning 1: Hvaða ár ertu fædd/ur?



Eins og myndin sýnir eru flestir sem svara fæddir á bilinu 1961-1980 eða á aldrinum 40-55 ára.


### Spurning 2: Hvert er kyn þitt?



Töluverður meirihluti þeirra sem svara eru konur eða 75%.




### Spurning 3: Í hvaða pósthúsi ertu búsett/ur?



Eins og sést á myndinni býr meirihluti þeirra sem svara í Dalvíkurbyggð eða 66%. Af þeim sem búa utan Dalvíkurbyggðar komu svör frá Reykjavík, Egilsstöðum, Kópavogi, Akureyri, Húsavík og Ólafsfirði svo dæmi sé tekið.


### Spurning 4: Hvernig eru fjölskylduhagir þínir?



Eins og sést á myndinni þá eru flestir giftir og með börn eða um 40% þátttakenda. 11% þátttakenda eru líka í sambúð með börn þannig að 51% þeirra sem svara er fjölskyldufólk.


Hérna hefði kannski þurft að hafa valmöguleikann að vera einhleypur með börn og er það eitthvað sem þarf að hafa í huga ef ráðist verður í álíka könnun aftur.

### Spurning 5: Ef einhver börn eru á heimilinu, hversu mörg eru þau?




Algengast er að börn á heimili séu 1, 2 eða 3.

### Spurning 6: Ef einhver börn eru á heimilinu, á hvaða aldri eru þau?




Algengast er að börn á heimili séu á grunn- eða leikskólaaldri en samtals eru 68% barna á heimilunum á þeim aldri eða frá 1-15 ára.

### Spurning 7: Hverjar eru tekjur heimilisins fyrir skatta?



Tekjur þeirra sem svara eru mjög dreifðar en flestir eru með tekjur á bilinu frá 400.000 – 1.500.000.- á heimili fyrir skatta.


### Spurning 8: Vinsamlegast merktu við hæstu skólagráðu sem þú hefur lokið?




50% þeirra sem taka þátt hafa lokið háskólagráðu af einhverju tagi og einungis 14% hafa ekki farið í frekara nám eftir að grunnskóla lauk.



### Spurning 9: Hvað skiptir þig mestu máli þegar þú velur þér stað til að búa á?




Myndin hér fyrir ofan sýnir niðurstöður eftir því hvað svarendur töldu hafa mikil eða frekar mikil áhrif. Eins og sést eru það öruggt umhverfi, atvinnumöguleikar, öruggt samfélag, fjarskipti/nettengingar og fjölbreytt atvinnulíf sem eru í fimm efstu sætunum og er það sem skiptir fólki mestu máli.



Ef við leggjum svo saman svörin – mjög miklu og frekar miklu máli – breytist staðan aðeins. Þá eru í fimm efstu sætunum öruggt samfélag, öruggt umhverfi atvinnumöguleikar, fjarskipti/nettengingar og samgöngur. Fjölbreytt atvinnulíf dettur þarna út en inn koma samgöngurnar.

Af þessum tveimur myndum má ráða að öryggi er eitthvað sem fólki er hugleikið og skiptir mjög miklu máli þegar fólk velur sér búsetu.


### Spurning 10: Hvað er það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar þú heyrir nafnið Dalvíkurbyggð?



Í fyrsta sæti er flokkurinn fjölskylda/samfélag/öryggi. Þar nefndu svarendur þætti eins og: fjölskyldan, heima, gott að búa, öryggi, góður staður til að búa á, æska, lítið samfélag þar sem gott er að ala upp börn, gott fólk, gott samfélag og samheldið sveitarfélag á mörgum sviðum.

Í öðru sæti er flokkurinn fallegur/náttúra. Þar nefndu svarendur þætti eins og: fegurð, fallett umhverfi, náttúrufergurð, draumablá, snjór, veðursæld og náttúra.

Í þriðja sæti er flokkurinn menning/afþreying/fyrirtæki og þar nefndu svarendur þætti eins og: Bakkabræður, skíði, Sæplast, Kaldi, Samherji, öflugir kórar og sandurinn.



Ef við skoðum þessa mynd aftur og berum saman þá sem búa innan sveitarfélagsins og þá sem búa utan sveitarfélagsins má sjá að aðeins munur er á þessum hópum.


Áhugavert er að sjá að þeir sem búa utan sveitarfélagsins nefna flokkinn fjölskylda/samfélag/öryggi eins og heimamenn og nefna þeir þætti eins og: góður staður, gleði, samheldni og æska sem er í samræmi við það sem heimamenn nefna.

Þeir sem búa utan sveitarfélags nefna Fiskidaginn mikla í 28% tilfella sem er töluvert stærra hlutfall heldur en hjá heimamönnum. Fiskidagurinn mikli er því greinilega ofarlega í hugum þeirra sem búa utan sveitarfélagsins.

Einnig kemur flokkurinn fallegur/náttúra sterkur inn eins og hjá heimamönnum.

Þessar niðurstöður gefa til kynna að samfélagið sé fólki hugleikið og að það hafi af því jákvæða mynd. Ef við skoðum þessa spurningu í samhengi við spurningu 9 þar sem spurt var um hvað það væri sem skipti fólki máli þegar það veldi sér búsetu koma áhugaverðir hlutir í ljós. Seinni myndin í spurningu 9 sýnir að það sem skiptir fólki mestu máli þegar það velur sér búsetu er öruggt samfélag, öruggt umhverfi, atvinnumöguleikar, fjarskipti/nettengingar og samgöngur. Það sem kemur hins vegar oftast upp í huga fólks þegar það heyrir nafnið Dalvíkurbyggð fellur innan flokksins fjölskylda, samfélag og öryggi. Það má því leiða að því líkum að í Dalvíkurbyggð finni fólk það sem skiptir það mestu máli þegar kemur að því að velja sér búsetu. Það vill upplifa öryggi og finna það hér.

**Spurning 11: Hvaða 3 orð finnst þér lýsa Dalvíkurbyggð best?**




Þessi spurning var flokkuð víðar heldur en spurningin á undan og fleiri flokkar hafðir til hliðsjónar. Eins og kemur fram á myndinni eru þau 3 orð sem svarendum finnst lýsa Dalvíkurbyggð best friður, fallegur og upplifun.

Í flokknum friður nefndu svarendur þætti eins og: friðsæld, rólegt, kyrrð, notalegt, hlý og friður.

Í flokknum fallegur nefndu svarendur þætti eins og: fallegur, fegurð, fallett samfélag, fallett umhverfi, náttúrufegurð og aðlaðandi.

Í flokknum upplifun nefndu svarendur þætti eins og: lifandi, flott, orka, jákvætt, framsýni, fjölbreytt, áhugaverð og tækifæri.





Þegar við berum saman svör þeirra sem búa innan sveitarfélagsins og þeirra sem búa utan þess sjáum við aðeins mun í svörum.


Íbúar: friður, fallegur, upplifun

Aðrir: fjölskyldan, fallegur, friður

Í staðinn fyrir að nefna orð sem tengjast upplifun nefna þeir fjölskylduna og nefna orð eins og barnvænt, vinsemd, hlý, krútt, vinir og gott fólk.

Heilt yfir velur fólk mjög jákvæð orð yfir Dalvíkurbyggð. Orð sem tengjast friði, ró, upplifun, fjölskyldunni og fegurð og greinilegt að svarendur tengja Dalvíkurbyggð við þægilegt, fallett og öruggt samfélag (spurning 10) sem býr samt sem áður yfir krafti til spennandi verka.

**Spurning 12: Ef þú ættir að benda á eitthvað jákvætt um Dalvíkurbyggð hvað myndi það helst vera?**



Í þessari spurningu var flokkurinn samfélagið mjög afgerandi. Þar á eftir koma flokkar eins og afþreying, náttúra og þjónusta.


Í flokknum samfélagið nefndi svarendur þætti eins og: mikið í boði fyrir börn á grunnskólaaldri, barnvænt, fjölskylduvænt, öryggi, gott samfélag, fólkið, skemmtilegt fólk, samheldni og samkennd, vilji til að gera vel og mikill mannaúður.

Í flokknum afþreying nefndu svarendur þætti eins og: flott hesthús, Fiskidagurinn, líflegt og fjölbreytt félagslíf, flott skíðasvæði, Berg og menningarlíf.

Í flokknum náttúra nefndu svarendur þætti eins og: nálægð við náttúruna, náttúruvegur, stutt í fjallið, nálægð við fjöllin og veðurfar


Það er líka áhugavert að skoða flokkinn þjónustan en þar nefna svarendur þætti eins og: hátt þjónustustig, góðar skólar, góðir leikskólar, frábær tónlistarskóli, aðstæður til íþróttaiðkunar og sorpflokkun.

Þessi niðurstaða er í samræmi við svörin við spurningu 10 þar sem spurt er um það sem kemur fyrst upp í hugann.



Þegar við berum saman svör íbúa og annarra kemur í ljós að um sömu flokka er að ræða eða flokkana samfélagið, afþreyingu og náttúru þó að svörin séu jafnari á meðal þeirra sem búa utan sveitarfélagsins.

**Spurning 13: Ef þú ættir að nefna eitthvað neikvætt um Dalvíkurbyggð hvað myndi það helst vera?**



Hérna eru efstu þrjú flokkarnir neikvæðni, afþreying og atvinnumál.


Í flokknum neikvæðni nefndu svarendur þætti eins og: baktal, illt umtal, óréttlæti, stéttarskiptingu og erfitt að komast inn í samfélagið.

Í flokknum afþreyingu nefndu svarendur þætti eins og: lítill afþreying fyrir 16-20 ára, of mikil ró, vantar afþreyingu fyrir leikskólabörn og dauður bær.


Í flokknum atvinnumál nefndu svarendur þætti eins og litlir atvinnumöguleikar, einhæft atvinnulíf og einsleitt atvinnulíf.

Þess má geta að margir slepptu þessari spurningu eða skrifuðu ekkert svar þannig að það eru færri svarendur á bak við niðurstöðuna hérna en í hinum spurningunum eða 118 af 212. Af þeim sem svara spurningunni nefna svo flestir svarið ekkert.

**Spurning 14: Hversu góða ímynd telur þú að Dalvíkurbyggð hafi almennt?**



Heilt yfir telja svarendur að Dalvíkurbyggð hafi mjög eða frekar góða ímynd eða samtals 72%.




Það sama má segja um þá sem búa utan sveitarfélagsins en þar telja 78% að Dalvíkurbyggð hafi mjög eða frekar góða ímynd sem er í raun hærra hlutfall en hjá íbúunum sjálfum en á meðal þeirra tala 70% um að sveitarfélagið hafi mjög eða frekar góða ímynd.

Í þessari spurningu gafst svarendum tækifæri til að skrifa af hverju þeir hefðu tiltekna skoðun. Þar komu fram atriði eins og:

- Hef ekki heyrt mikla neikvæða umfjöllun um Dalvík, fólk yfirleitt bara jákvætt.
- Flestir aðkomumenn sem ég þekki fá jákvæða mynd af umhverfinu og samfélaginu eftir stutta heimsókn hingað, enda ekki margt neikvætt við staðinn nema hafgolan :)
- Fólk er almennt ánægt hér, sér kostina og talar um það.
- Gestrisni í kringum Fiskidaginn.
- Góð heilsugæsla.
- Veðurklúbburinn.
- Dalvíkurbyggð sem samfélag og sveitarfélag hefur verið að gera margt gott í gegnum tíðina.


### Spurning 15: Finnst þér ímynd sveitarfélaga skipta máli almennt?




Eins og sést á þessari mynd telja nánast allir svarendur að ímynd sveitarfélaga skipti almennt miklu eða frekar miklu máli.

Borið saman við spurninguna hérna á undan er Dalvíkurbyggð því í nokkuð góðum málum hvað varðar ímynd.

**Spurning 16: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir úr núverandi sveitarfélagi á næstu 5 árum?**



Flestir telja það mjög eða frekar ólíklegt að þeir flytji úr núverandi sveitarfélagi á næstu 5 árum.








DALVÍKURBYGGÐ

**VIRÐING**  
**JÁKVÆÐNI**  
**METNAÐUR**


---

Hérna sjáum við svo sömu spurningu miðað við þá sem búa innan sveitarfélagsins og þá sem búa utan þess.

### Spurning 17: Myndir þú telja að Dalvíkurbyggð væri góður búsetukostur?




Meirihluti svarenda telur að Dalvíkurbyggð sé góður búsetukostur en samtals svara 74% svarenda því að Dalvíkurbyggð sé mjög eða frekar góður búsetukostur.



Ef spurningin er greind eftir því hvort svarandi býr í sveitarfélaginu kemur eftirfarandi niðurstaða í ljós. Af þeim sem búa innan sveitarfélagsins telja 82% að Dalvíkurbyggð sé mjög eða frekar góður búsetukostur og 51% þeirra sem búa utan sveitarfélagsins.

**Spurning 18: Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir til Dalvíkurbyggðar á næstu 5 árum?**



Flestir telja það mjög eða frekar ólíklegt að þeir flytji í Dalvíkurbyggð á næstu 5 árum eða 68%. Þó eru 12% sem telja það mjög eða frekar líklegt sem er ánægjulegt.

## Helstu niðurstöður

### Bakgrunnur

- Flestir eru fæddir á árunum 1961-1980
- Konur eru 75% svarenda
- 66% búa í Dalvíkurbyggð
- Flestir, eða 40% eru giftir og með börn
- Algengast er að börn á heimili séu 1-3 og að þau séu á grunn- eða leikskólaaldri, flest á grunnskólaaldri
- Tekjur dreifast frekar jafnt yfir skalann og er algengast að þær séu á bilinu 401.000-1.500.000
- Flestir merkja við að þeir hafi lokið BSc/BA/BED háskólagráðu

### Samantekt

- Þegar kemur að því að velja hvað skiptir mestu máli þegar búseta er valin kemur í ljós að í fimm efstu sætunum (miðað við samanlagt mjög mikilvægt og frekar mikilvægt) eru:
  - Öruggt samfélag
  - Öruggt umhverfi
  - Atvinnumöguleikar
  - Fjarskipti/nettengingar
  - Samgöngur
- Það sem kemur fyrst upp í huga fólks þegar það heyrir nafnið Dalvíkurbyggð er:
  - Fjölskylda/samfélag/öryggi
  - Fallegur/náttúra
  - Menning/afþreying/fyrirtæki.
- Þau orð sem lýsa Dalvíkurbyggð best eru:
  - Friður
  - Fallegur
  - Upplifun
- Það sem svarendum finnst jákvæðast við Dalvíkurbyggð er:
  - Samfélagið
  - Afþreying
  - Náttúra
- Það sem svarendum finnst neikvæðast við Dalvíkurbyggð er:
  - Neikvæðni
  - Afþreying
  - Atvinnumál.
- 72% svarenda telja að Dalvíkurbyggð hafi mjög eða frekar góða ímynd almennt.
- 94% telja að ímynd sveitarfélaga skipti máli almennt.



- 52% telja það mjög eða frekar ólíklegt að þeir flytji úr núverandi sveitarfélagi á næstu 5 árum.
- 74% telja að Dalvíkurbyggð sé góður búsetukostur. Ef þetta er greint miðað við íbúa og aðra þá telja 82% íbúa og 51% þeirra sem búa utan sveitarfélagsins að það sé frekar eða mjög góður búsetukostur.
- Flestir telja það mjög eða frekar ólíklegt að þeir flytji í Dalvíkurbyggð á næstu 5 árum eða 68%. Þó eru 12% sem telja það mjög eða frekar líklegt sem er ánægjulegt.

## SVOT greining

Ef greiningin hér að ofan er tekin og sett inn í greiningartæki SVOT greiningar kemur eftirfarandi niðurstaða:

### Styrkleikar

- Öryggi
- Fjölskylda og samfélag: gott að ala upp börn, barnvænt, gott fólk, góður staður til að búa á, samheldið sveitarfélag, heima, samkennd
- Fegurð: náttúrufegurð, aðlaðandi, fallegur
- Friðsæld: kyrrð, notalegt, hlýr, friður
- Kraftur: lifandi, flott, orka, jákvætt, framsýni, tækifæri
- Afþreying og fyrirtæki: Bakkabræður, skíði, kórar, Sæplast, Kaldi, Fiskidagurinn, flott hesthús

### Veikleikar

- Neikvæðni: baktal, illt umtal, óréttlæti, stéttarskipting, erfitt að komast inn í samfélagið
- Afþreying: lítil afþreying fyrir 16-20 ára, of mikil ró, vantar afþreyingu fyrir leikskólabörn og dauður bær
- Atvinnumál: litlir atvinnumöguleikar, einhæft atvinnulíf og einsleitt atvinnulíf.

### Ógnanir

- Neikvæðni í samfélaginu
- Lítil afþreying fyrir 16-20 ára
  - Hætta á að ungt fólk fari að heiman og komi ekki aftur
  - Viljum að unga fólkið fari að heima með jákvæða mynd af samfélaginu
- Einsleitt og einhæft atvinnulíf

### Tækifæri

- Byggja upp ímynd sem byggir á:
  - Öryggi,
  - Fjölskylduvænu og rólegu samfélagi
  - Kraftmiklu og skapandi andrúmslofti
- Efla málefni fólks á aldrinum 16-20 ára
- Búa til jarðveg fyrir fjölbreyttari atvinnutækifæri